

Akureyrarbær, þjónustu- og skipulagssvið
bt. Maríu Markúsdóttur, verkefnastjóra skipulagsmála
Geislagötu 9
600 Akureyri
mariam@akureyri.is

Dags. 14.02.2022
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2018-0043
0.5.1


Með erindi dags. 25. janúar sl. óskaði Akureyrarbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands um minnisblað GeoTek ehf., dags. 17. janúar sl. Umsagnarbeiðnin snýr að niðurstöðu jarðvegsrannsóknna m.t.t. fyrirhugaðra byggingaráforma við Tónatröð.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við minnisblaðið. Rétt er að taka fram að um er að ræða könnun vegna framkvæmda og jarðtæknilegrar hönnunar mannvirkis. Slík hönnun er hvorki meðal hlutverka Veðurstofunnar né á sérsviði hennar.

Það er þó álit Veðurstofunnar að við hönnun húsanna þurfi að gæta þess, eins og fyrir aðrar byggingar, að þau séu reist á burðahæfu efni. Þá þarf að taka tilliti til þess að húsin eru reist í halla og rétt að vanda þessa vinnu þar sem framkvæmdasvæðið er ofan skilgreinds hættusvæðis. Þar á meðal þarf að huga að því hvernig farið verður með grunn- og yfirborðsvatn á svæðinu. Þá þarf að haga framkvæmdum þannig að þær valdi ekki aukinni skriðhættu meðan á þeim standur, sérstaklega í vætutið.

Virðingarfyllt,



Guðmar Guðmundsson
staðgengill forstjóra VÍ